

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Áskels Jóhannessonar, bónda frá Syðra-Hvarfi í Skíðadal, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 29. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Áskels Jóhannessonar, bónda frá Syðra-Hvarfi í Skíðadal.

### 1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarsjóður.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Áskeli Jóhannessyni og gefinn til minningar um foreldra hans Oddnýju Þorkeldsdóttur og Jóhannes Jónsson, Syðra-Hvarfi.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 35 þúsund, tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé hans, svo og gjafir og framlög, er sjóðnum kunna að berast. Höfuðstólinn skal ávaxta í spari-sjóði Svarfdæla.

### 4. gr.

Starfssvið sjóðsins er félagssvæði Búnaðarfélags Svarfdæla, hlutverk hans er að verðlauna með fjárframlögum eða viðurkenningu á annan hátt:

- a. Úrvals búfé á félagssvæðinu.
- b. Hirðingu og fóðrun búfjár.
- c. Snyrtilega umgengni á bæjum utan húss sem innan.
- d. Annað það, er að búskap lýtur, og stjórn sjóðsins telur sérstaklega verðlaunavert.

Skal verja til þeirrar úthlutunar árlega upphæð sem svarar til allt að árs-vöxtum sjóðsins hverju sinni.

Höfuðstólinn má ekki skerða.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Svarfdæla og fer stjórn þess hverju sinni með stjórn sjóðsins og sér um úthlutun úr honum. Heimilt skal stjórninni að leita til sérfróðra manna sér til ráðuneytis varðandi verðlaunaveitingar.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla skal annast reikningshald sjóðsins og leggja fram á aðalfundi ár hvert reikninga hans endurskoðaða af endurskoðendum félagsins. Jafnframt skal gera grein fyrir verðlaunaveitingum úr sjóðnum á reikningsárinu.

F. h. sjóðsstofnanda.

Hjörtur E. Þórarinsson.

F. h. Búnaðarfélags Svarfdæla.

Sigurður Ólafsson.

Árni Jónsson.

Ólafur Tryggvason.